

REGLUGERÐ

**um (9.) breytingu á reglugerð nr. 907/2014 um gildistöku reglugerðar
framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd,
yfírráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknunum
dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur
varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir.**

1. gr.

25. og 26. töluliðir reglugerðarinnar verða svohljóðandi:

25. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1162 frá 1. júlí 2019 um breytingar á viðauka I og II við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar fyrirmyn dir að heilbrigðisvottorðum BOV-X, OVI-X, OVI-Y og RUM fyrir dýr og dýraafurðir og skrárnar yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði og hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur til Sambandsins á tilteknunum hóf- og klaufdýrum og nýju kjöti.
26. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1762 frá 23. október 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar að færa Sameinaða konungs ríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknunum dýrum og nýju kjöti til Sambandsins.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem nefnd er í 26. tölul. 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og á sama tíma fellur brott reglugerð nr. 426/2019 um (7.) breytingu á reglugerð nr. 907/2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 11. desember 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Nr. 1338

11. desember 2019

Fylgiskjal.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1762

frá 23. október 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Sambandsins

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fösturvísunum sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ⁽¹⁾, einkum a-lið 2. mgr. 17. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis ⁽²⁾, einkum 1. og 4. lið 8. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2004/68/EB frá 26. apríl 2004 um reglur um heilbrigði dýra vegna innflutnings og umflutnings tiltekinna hóf- og klaufdýra á fæti í Bandalaginu, breytingu á tilskipunum 90/426/EBE og 92/65/EBE og niðurfellingu á tilskipun 72/462/EBE ⁽³⁾, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálands um Evrópusambandið. Hinn 11. apríl 2019 samþykkti leiðtogaðið ákvörðun (ESB) 2019/584 () um að fram lengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálands um Evrópusambandið í samráði við Bretland. Í samrámi við þá ákvörðun hefur tímabilið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálands um Evrópusambandið, verið fram lengt enn frekar til 31. október 2019. Þess vegna hætta lög Sambandsins að gilda um og í Bretlandi frá og með 1. nóvember 2019 (hér á eftir nefndur „útgöngudagurin“).
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir. Þær er kveðið á um að einungis megi flytja sendingar af hóf- og klaufdýrum og nýju kjöti af þessum dýrum, sem er ætlað til manneldis, inn í Sambandið frá þriðju löndum ef þær eru í samrámi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 3) Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland hefur lagt fram nauðsynlegar ábyrgðir fyrir landið um að uppfylla skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 206/2010 um aðflutning á sendingum af hóf- og klaufdýrum, öðrum en dýrum af hestaætt, og nýju kjöti af hóf- og klaufdýrum, þ.m.t. af dýrum af hestaætt, til Sambandsins og fyrir hjálendur krúnunnar, að því er varðar tilteknar ofangreindar vörur, frá útgöngudeginum með því að halda áfram að hlíta löggjöf Sambandsins á upphafstímabili sem varir í a.m.k. níu mánuði.
- 4) Með tilliti til þessara tilteku ábyrgða, sem Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland lagði fram, og í því skyni að koma í veg fyrir ónauðsynlega röskun á viðskiptum eftir útgöngudaginn ættu Bretland og hjálendur krúnunnar því að vera færð á skrárnar yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði og hluta þeirra sem settar eru fram í 1. hluta I. viðauka og í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af hóf- og klaufdýrum, öðrum en dýrum af hestaætt, og nýju kjöti af hóf- og klaufdýrum, þ.m.t. af dýrum af hestaætt, til Sambandsins.
- 5) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 til samræmis við það.
- 6) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2019 nema ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samrámi við alit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2019.

Hins vegar skal hún ekki koma til framkvæmda ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.

(¹) Stjóð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.

(²) Stjóð. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

(³) Stjóð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 320.

Nr. 1338

11. desember 2019

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

VIDAUKI

Reglugerð (ESB) nr. 206/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010:

a) Eftirfarandi línum er bætt við á eftir færslunni fyrir Chile (Síle):

„GB-Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland	GB-0	Landið allt			
	GB-1	England, Wales og Norður-Írland	BOV-X, BOV-Y, OVI-X, OVI-Y POR-X, POR-Y, RUM, SUI		III, IVa, V, IX
	GB-2	Skotland	BOV-X, BOV-Y, OVI-X, OVI-Y POR-X, POR-Y, RUM, SUI		II, III, IVa, V, IX
GG-Guernsey	GG-0	Landið allt	BOV-X, OVI-X, POR-X		V, IX“

b) Eftirfarandi línu er bætt við á eftir færslunni fyrir Grænland:

„IM-Mön	IM-0	Landið allt			II, III, IVa, V, IX“
---------	------	-------------	--	--	----------------------

c) Eftirfarandi línu er bætt við á eftir færslunni fyrir Ísland:

„JE-Jersey	JE-0	Landið allt			IVa“
------------	------	-------------	--	--	------

2) Í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010:

a) Eftirfarandi línum er bætt við á eftir færslunni fyrir Falklandseyjar:

„GB-Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland	GB-0	Landið allt	BOV, OVI, POR, EQU, RUF, RUW, SUF, SUW				
GG-Guernsey	GG-0	Landið allt“					

b) Eftirfarandi línu er bætt við á eftir færslunni fyrir Ísrael:

„IM-Mön	IM-0	Landið allt	BOV, OVI, POR“				
---------	------	-------------	----------------	--	--	--	--

c) Eftirfarandi línu er bætt við á eftir færslunni fyrir Ísland:

„JE-Jersey	JE-0	Landið allt	BOV“				
------------	------	-------------	------	--	--	--	--